

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 8

Dags. 21.12.2009

Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd , mánudaginn 21. desember 2009.

Mætt voru Hlöðver P. Hlöðversson, Snæfríður Njálisdóttir, Þórunn Jónsdóttir og Ásvaldur Þormóðsson.

1. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar . Nefndin vísar tillögu um aðalskipulag Þingeyjarsveitar til sveitarstjórnar, sem unnin hefur verið undanfarin ár , undir leiðsögn sérfræðinga hjá arkitektastofunum Mannviti sem séð hafa um greinargerð og Hornsteinum sem hafa haft yfirumsjón með kortagerð .

Tillögunni fylgja eftirfarandi athugasemdir:

Snæfríður Njálisdóttir gerir athugasemd við að tillaga skipulags- og umhverfisnefndar að veglínu á norðausturvegi 85, fari á of löngum kafla, yfir nútímahraun.

Hlöðver P. Hlöðversson mælir ekki með að Sprengisandslína 1 og uppbygging á nýrri háspennulínu, Akureyri- Hólasandur (Akureyri- Krafla) verði settar inn á aðalskipulag að svo stöddu.

2. Varðandi umsókn um sumarhúsalóð í landi Sílalækjar, þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að þar sem fyrir eru á jörðinni þrjú sumarhús, verði gert deiliskipulag á svæðinu áður en fleiri lóðum er úthlutað.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.